

Minnisblað

Tilvísun: 3161312-000-CMO-0001 Tilvísun verkkaupa: 17.08.2021
Flataskóli

Til: Garðabær
Ingólfur Benediktsson

Efni: **Flataskóli - Minnisblað um hreinsun að loknum viðgerðum**

Vísað er í samtal við Ingólf þar sem hann upplýsir að búið sé að skipta um glugga í tveimur kennslustofum í Flataskóla þar sem áður hafði orðið vart við leka, og talið að búið sé að gera við allar skemmdir út frá því. Tillaga þessi miðast við hvernig staðið skuli að þrifum að loknum viðgerðum.

Lagt er til að ræstingafyrirtæki sem sérhæfir sig í þrifum eftir rakaskemmdir verði fengið til að þrifa skólastofurnar og næsta nágrenni hátt og lágt, með það að markmiði að fjarlægja eins og mögulegt er allt ryk sem myndast hefur af viðgerðunum. Mikilvægt er að innanstokksmunir og búnaður séu einnig þrifinn með sama markmiði.

Að lokinni hreingerningu verði tekin sýni með strokupinum (tld. Pro-Tect) á tveimur til þremur stöðum í hvorri stofu sem sýni hvort próteinleifar séu enn til staðar á flötum sem sjáanlega eru hreinir til að staðfesta gæði þrifa. Verði niðurstöður þær að þrif séu í lagi er lagt til að látnar verði líða 4 – 6 vikur og þá tekin ryksýni sem send verði í greiningu á sveppagróum til að skera úr um hvernig til hafi tekist í viðgerðunum og þrifum. Sýni hinsvegar strokuprof að hreingerning sé ekki nægilega góð skal endurtaka hana og strokuprof að því loknu.

Talið er að gró í ryki í húsnæði eiga sér almennt fjórar skýringar: Raki og rakaskemmd er til staðar, enginn raki en mengað efni er til staðar, hreingerning eftir viðgerðir rakaskemmda var ófullnægjandi og loks að gró hafi borist með húsgögnum eða öðru sem flutt var í húsnæðið og því ber að vanda vel til verka.

Virðingarfyllt,
Sigurjón Árnason
rannsóknarmaður